



Alþingi  
Erindi nr. Þ 127/754  
komudagur 18.2.2002

**Bæjarveitur Vestmannaeyja**  
Hitaveita Rafveita Sorpbrennsla Vatnsveita

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Vestmannaeyjum, 14. febrúar 2002

**Varðar: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum. Þskj. Nr. 612-378. mál.**

1. Athugasemd við 1. gr. frumvarpsins:

Skv. 1. gr. frumvarpsins þá bætist við 1. mgr. 2. gr. laganna:” nema annað rekstrarform hafi sérstaklega verið ákveðið.”

Þessi breyting tekur af öll tvímæli um það að heimilt sé að ákveða rekstrarform vatnsveitu t.d. með því að reka það sem sameignarfélagi eða hlutafélagi. Hins vegar kemur fram í 3. gr laga um vatnsveitur sveitarfélaga að sveitarstjórnir geti rekið vatnsveitur saman sem byggðasamlag, *nema um annað sé samið sérstaklega.*

Þannig má rökstyðja það að skv. núgildandi lögum um vatnsveitur sveitarfélaga sé rekstrarform s.s. sameignarfélags eða hlutafélags ekki útilokað enda ekki vitað til að um þetta atriði hafi verið fjallað af dómstólum landsins.

Frumvarpið tekur hins vegar ekki til eignaraðildarinnar sem slíkrar. Rétt þykir að heimila öðrum aðilum en sveitarfélögum eignaraðild að slíkum rekstri enda er sveitarfélagi það í sjálfsvald sett hvort það selji hlutabréf sín í hlutafélagi svo dæmi sé nefnt, ef það telur þjóna hagsmunum sínum.

Í frumvarpi til laga um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. þskj. 562-366. mál kemur fram í 1. gr. frumvarpsins að heimilt sé að sameina Orkuveitu Reykjavíkur við sambærilega starfsemi annarra sveitarfélaga *eða annarra opinberra aðila eða félaga í þeirra eigu.*

Með þessu er ríki eða ríkisstofnun heimiluð eignaraðild í Orkuveitu Reykjavíkur sem skv. 2. gr. er m.a. ætlað að vinna og framleiða vatn og dreifa því, þ.e. að starfa sem vatnsveita.

Þess vegna þykir rétt að a.m.k. ríki eða ríkisstofnun verði heimiluð eignaraðild í vatnsveitum til að alls jafnræðis sé gætt milli hinna einstakra fyrirtækja sem dreifa vatni hér á landi.

Þá þykir reyndar eðlilegt að takmarka alls ekki eignaraðild að rekstri vatnsveitu. Eðlilegast þykir að hverju sveitarfélagi sé í sjálfsvald sett hvort það ákveði að reka vatnsveitu sjálfst eða að fela öðrum aðila það sem sveitarfélagi telur betur þjóna hagsmunum þess sjálfs. Því er lagt til að eignaraðildin að rekstri vatnsveitu verði gefin alfarið frjálts.

2. Athugasemd við 2. gr. frumvarpsins.

Þetta ákvæði er í samræmi við ákvæði í Orkulögum nr. 58/1967 varðandi rafmagns- og hitaveitur í eigu sveitarfélaga sem hlotið hafa einkarétt til starfseminnar frá ráðherra. Í orkulögum er skýrt tekið fram

Sími 481 1322 Fax 481 3035

<http://www.evjar.is/bv>

e-mail [bv@evjar.is](mailto:bv@evjar.is)



**Bæjarveitur Vestmannaeyja**  
Hitaveita Rafveita Sorpbrennsla Vatnsveita

að skilyrðið um 7% hámarksarð af eigin fé eigi aðeins við um rafmagns- og hitaveitur sem eru alfarið í eigu sveitarfélags og starfa ekki skv. sérlögum. Rafmagns-hita- og vatnsveita sem rekin er af t.d. Hitaveitu Suðurnesja hf. eða Orkuveitu Reykjavíkur sf. myndu þannig ekki vera háð þessu ákvæði, þar sem þau eru fyrir það fyrsta rekin skv. sérlögum.

Almennt:

Almennt er alveg hægt að hvetja til þess að umrædd lögum um vatnsveitur sveitarfélaga verði tekin til heildarendurskoðunar, jafnvel í sambandi við Orkulögin í heild sinni. Það er svo margt að breytast í þessum geira núna á stuttum tíma að a.m.k. lögin um vatnsveitur sveitarfélaga eru orðin úrelt að mörgu leyti, en ég veit að þetta víta þeir best sem vinna innan geirans.

Greinargerðin er unnin af Jóhanni Pétursyni hdr.

Virðingarfyllst,

f.h. Vestmannaeyjabæjar.

Friðrik Friðriksson, veitustjóri.